

FÉLAGSDÓMUR

Úrskurður þriðjudaginn 22. september 2026.

Mál nr. 5/2026:

Verkfræðingafélag Íslands

(Elías Karl Guðmundsson lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu vegna Vegagerðarinnar

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

Lykilorð

Frávísunarkröfu hafnað. Kjarasamningur

Útdráttur

Frávísunarkrafa stefnda var annars vegar reist á því að sakarefnið heyrði ekki undir Félagsdóm, þar sem ágreiningurinn varðaði einstaklingsbundin réttindi og einkaréttarlega samninga, og hins vegar að dómkrafan fæli í sér lögspurningu og fullnægði ekki áskilnaði 25. gr. laga nr. 91/1991 um lögvarða hagsmuni. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að ágreiningur aðila lyti að skilningi og gildissviði tilgreinds ákvæðis kjarasamnings þeirra um uppsagnarfrest við breytingar á ráðningarkjörum er feli í sér launaskerðingu og heyrði sakarefnið því undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Þá væri viðurkenningarkrafa stefnanda nægilega skýr og samrýmdist 25. gr. laga nr. 91/1991, auk þess sem stefnandi og félagsmenn hans hjá V hefðu lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnisins þar sem niðurstaðan hefði raunhæfa þýðingu fyrir réttarstöðu þeirra. Var frávísunarkröfu stefnda því hafnað.

Úrskurður Félagsdóms

Mál þetta var tekið til úrskurðar 8. september sl.

Málið úrskurða Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Hólmfríður Grímsdóttir, Jón Sigurðsson og Inga Björg Hjaltadóttir.

Stefnandi er Verkfræðingafélag Íslands, Engjateig 9 í Reykjavík.

Stefndi er Íslenska ríkið, Arnarhvoli í Reykjavík, vegna Vegagerðarinnar, Suðurhrauni 3 í Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að Félagsdómur viðurkenni að stefnda sé óheimilt að breyta einhliða ráðningarsamningum félagsmanna stefnanda, sem starfa hjá Vegagerðinni, þannig að leiði til launaskerðingar, með skemmri fresti en samningsbundnum

uppsagnarfresti hvers og eins félagsmanns. Krafist er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 2 Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Félagsdómi en til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir

- 3 Stefndandi er stéttarfélag sem gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna við vinnuveitendur. Félagið hefur meðal annars gert kjarasamning við fjármálaráðherra fyrir hönd stefnda, íslenska ríkið. Vegagerðin er ein þeirra ríkisstofnana þar sem félagsmenn stefnanda starfa, en um kjör þeirra fer samkvæmt því sem segir í gildandi kjarasamningi málsaðila.
- 4 Með dómi Landsréttar 19. júní 2025 í máli nr. 361/2024 var staðfest niðurstaða héraðsdóms þess efnis að íslenska ríkinu bæri að greiða stefnanda málsins, starfsmanni ríkisins, orlofslaun af fastri yfirvinnu, þar sem ekki hefði verið samið sérstaklega um að orlofsfé yrði ekki greitt af yfirvinnu. Í kjölfar dómsniðurstöðunnar mun skrifstofa kjara- og mannauðsmála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafa gefið út leiðbeinandi tilmæli til forstöðumanna ríkisstofnana um hvernig bregðast skyldi við kröfum starfsfólks þegar sambærilegar aðstæður væru uppi.
- 5 Vegagerðin gerði upp við þá starfsmenn sem settu fram kröfu um greiðslu orlofs af fastri yfirvinnu á framangreindum grundvelli. Kröfur voru greiddar fjögur ár aftur í tímann með hliðsjón af ákvæðum 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.
- 6 Vegagerðin sendi starfsfólki enn fremur tilboð 29. janúar 2026 um viðauka við gildandi ráðningarsamninga sem fól í sér breytingu á ákvæðum um fasta yfirvinnu. Í skilaboðum sem fylgdu tilboðinu var óskað eftir að starfsmenn undirrituðu viðaukann. Þar kom enn fremur fram að hjá Vegagerðinni væru fastar yfirvinnustundir greiddar alla mánuði ársins, einnig þegar starfsfólk væri í orlofi og væri orlofsfé samkvæmt kjarasamningi innifalið í greiðslunni. Vegna tilmæla skrifstofu kjara- og mannauðsmála ríkisins hefði Vegagerðin sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara þeim hluta ráðningarsamninga sem fjalli um fasta yfirvinnu, en miðað væri við að viðaukinn kæmi í hans stað.
- 7 Stefndandi hefur lagt fram eintak af viðauka við ráðningarsamning tilgreinds starfsmanns Vegagerðarinnar með gildistíma frá 1. maí 2026. Þar er mælt fyrir um fjölda fastra yfirvinnutíma í mánuði. Þar segir enn fremur að fastar yfirvinnustundir séu greiddar alla mánuði ársins og sé orlofsfé samkvæmt kjarasamningi innifalið í greiðslunum. Þar er einnig kveðið á um að segja megí samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

- 8 Ágreiningur varð milli aðila um framangreinda framkvæmd. Hefur stefnandi meðal annars gert athugasemd við að ákvæði ráðningarsamnings um fasta greiðslu fyrir yfirvinnu hafi verið sagt upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti gagnvart félagsmönnum í stefnanda sem væru með lengri uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningi eða á öðrum grundvelli.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 9 Stefnandi kveður ágreining málsins snúast um túlkun á grein 17.1.1 í kjarasamningi aðila. Ákvæðið mælir fyrir um að sé starfsmanni sagt upp, eftir að minnsta kosti tíu ára samfelld starf, skuli uppsagnarfrestur vera fjórir mánuðir sé starfsmaðurinn orðinn 55 ára, fimm mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og sex mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára.
- 10 Stefnandi byggir á því að það leiði af ákvæðinu að vinnuveitandi geti ekki sagt upp ráðningarkjörum, svo leiði til launalækkunar fyrir starfsmann, nema að uppsögnin sé að virtum umsömdum uppsagnarfresti gagnvart hverjum og einum starfsmanni. Í þeim tilvikum þar sem einstaka starfsmenn njóti lengri uppsagnarfrests, óháð því hvort það sé samkvæmt kjarasamningi eða á öðrum grundvelli, verði vinnuveitandi að virða þann uppsagnarfrest, jafnvel þótt tilgangur vinnuveitanda með uppsögn ráðningarkjara sé ekki ráðningarslit.
- 11 Framangreind framkvæmd skipti máli fyrir félagsmenn stefnanda sem starfi hjá Vegagerðinni, þar sem þeir sjái fram á, að öðru óbreyttu, að stofnunin geti sagt upp samningum um fasta yfirvinnu án tillits til heildaruppsagnarfrests. Í einhverjum tilvikum gæti slíkt haft þau áhrif að viðkomandi yrði ekki vært í starfi að liðnum skemmri uppsagnarfresti, til dæmis ef vinnuveitandi segði upp föstum yfirvinnutímum í heild sinni.
- 12 Stefnandi tekur fram að í kjarasamningi aðila sé sérstaklega samið um lengri uppsagnarfrest starfsmanna með tíu ára samfelldan starfsaldur hjá stofnun hafi þeir náð vissum aldri. Þegar starfsmaður eigi lengri uppsagnarfrest samkvæmt viðkomandi kjarasamningsákvæði, eða samkvæmt ákvæði í persónubundnum ráðningarsamningi, eigi sá frestur við um allar uppsagnir á ráðningarkjörum sem stafi einhliða frá vinnuveitanda. Ákvæðið sé ekki takmarkað við að uppsagnir leiði til ráðningarslita, heldur sé um að ræða almennan uppsagnarfrest.
- 13 Stefnandi telur að skýringar af hálfu stefnda við uppsögn fastra yfirvinnutíma styðjist hvorki við lög né gerða kjarasamninga. Í fyrsta lagi feli einhliða ákvörðun vinnuveitanda, um að lækka greiðslur til handa starfsmanni, tvímælalaust í sér uppsögn á fyrri samningi aðila, jafnvel þótt henni fylgi boð um breytt kjör í starfi. Hvergi komi fram í kjarasamningi, að launagreiðanda sé heimilt að segja upp ákvæðum ráðningarsamninga um fasta yfirvinnu með skemmri uppsagnarfresti, jafnvel þótt tilgangur uppsagnarinnar sé ekki að slíta ráðningu. Fyrst heimild skorti til að segja viðkomandi

þætti ráðningarkjara upp með skemmri uppsagnarfresti verði stefndi að virða umsaminn uppsagnarfrest hvers og eins starfsmanns þegar ráðningarkjörum sé sagt upp.

- 14 Stefnandi vísar einnig til þess að fjallað sé um breytingar á ráðningarkjörum ríkisstarfsmanna í 19. gr. laga nr. 70/1996. Samkvæmt ákvæðinu sé starfsfólki skylt að hlíta breytingum á störfum og verksviði frá því það hafi tekið við starfi. Hafi breytingarnar í för með sér skert launakjör eða réttindi skuli það halda óbreyttum réttindum í jafnlangan tíma og réttur þeirra til uppsagnarfrests vari samkvæmt ráðningarsamningi. Bendir stefnandi á að breytingin, sem gerð hafi verið á ráðningarsamningum félagsmanna hans hjá Vegagerðinni, hafi í för með sér launaskerðingu á bilinu 1% til 3% hjá hverjum og einum.
- 15 Stefnandi kveður stefnda ekki geta sagt upp ráðningarkjörum að hluta með skemmri uppsagnarfresti en samið hafi verið um. Hver einhliða uppsögn umsaminna kjara feli í sér uppsögn á ráðningarsamningum í heild sinni og boð um nýjan, en breyttan, ráðningarsamning. Framangreint leiði af dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar frá 22. október 1987 í máli nr. 287/1986 og frá 10. nóvember 2011 í máli nr. 700/2010. Með vísan til þessa sé stefnda óheimilt að segja upp „hluta ráðningarsamnings [...] sem tilgreinir fasta yfirvinnu“ með skemmri uppsagnarfresti en annars gildi.
- 16 Önnur nálgun myndi að mati stefnanda leiða til þess að atvinnurekendur gætu skipt upp ráðningarsamningum starfsmanna í smærri þætti og viðauka, og sagt upp hlutum samninga án þess að virða umsaminn uppsagnarfrest í ráðningarsambandi. Stefnandi kveður þetta vera andstætt sjónarmiðum laga og kjarasamninga, og í andstöðu við dómaframkvæmd.
- 17 Stefnandi kveður sakarefnið falla undir valdsvið Félagsdóms með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Þá uppfylli kröfugerðin áskilnað 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og d-liðar 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Stefnandi hafnar því röksemdum stefnda fyrir því að vísa beri málinu frá dómi.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 18 Stefnandi krefst aðallega frávísunar málsins. Hann reisir kröfuna í fyrsta lagi á því að sakarefni málsins falli utan lögsögu Félagsdóms. Málið lúti að ágreiningi um einstaklingsbundin réttindi og varði í raun einkaréttarlegar kröfur tiltekinna ríkisstarfsmanna en ekki skilning, gildi eða brot á kjarasamningi samningsaðila. Af þessu leiði að sakarefnið falli utan lögsögu Félagsdóms, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Í þessu sambandi vísar stefndi til þess að í ákvæðinu sé að finna tæmandi talningu á þeim sakarefnum sem geti átt undir Félagsdóm. Að sama skapi vísar stefndi til þess að túlka beri lögsögu Félagsdóms þröngt og hafi sú túlkun verið staðfest í dómaframkvæmd Félagsdóms og Hæstaréttar.

- 19 Stefnandi kveðst vera ósammála stefnanda um að málið lúti að túlkun á grein 17.1 í kjarasamningi aðila. Telur hann að málið varði í raun ætlaðan rétt tiltekinna ríkisstarfsmanna til lengri uppsagnarfrests, meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996. Aðilar deili því um ætlaðan rétt til aukinna launagreiðslna vegna breytinga á ráðningarkjörum, nánar tiltekið hvort frestur til slíkra breytinga skuli vera þrír mánuðir, líkt og stefndi byggir á eða hvort slíkur frestur skuli vera lengri á grundvelli greinar 17.1.1 í kjarasamningi aðila líkt og stefnandi byggir á. Að mati stefnda þurfi við úrlausn sakarefnisins að leggja mat á einstaklingsbundin atvik og einkaréttarlega samninga milli tiltekna eða tiltekinna starfsmanna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar. Slíkt falli ekki undir lögsögu Félagsdóms heldur almennra dómstóla.
- 20 Í öðru lagi kveðst stefndi byggja á því að kröfugerð stefnanda feli í sér lögspurningu og sé því andstæð 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Þegar atvik málsins séu skoðuð telji stefndi ljóst að kröfugerð stefnanda lúti ekki að því að fá skorið úr um ákveðin, einstaklingsbundin réttindi eða skyldu sem hafi raunhæfa þýðingu. Dómkrafan gangi því gegn ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Kröfugerð stefnanda feli í sér ósk um viðurkenningu á því að tiltekin framkvæmd sé óheimil varðandi ótilgreinda félagsmenn stefnanda sem starfi hjá Vegagerðinni í stað þess að þess sé krafist að skorið verði úr um tiltekin réttindi eða skyldur sem leiði af slíkri framkvæmd.
- 21 Í þriðja lagi byggir stefndi á því að viðurkenningarkrafa stefnanda samrýmist ekki ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, þar sem stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af dómkröfunni eins og hún sé sett fram. Stefnanda sé þannig ekki heimilt að setja fram kröfu um viðurkenningu í málinu enda liggi fyrir að kröfurnar skeri ekki úr um tilvist eða efni tiltekinna réttinda eða réttarsambands af hálfu stefnanda eða tilgreindra félagsmanna hans.
- 22 Stefnandi vísar einnig til þess að kröfugerð stefnanda sé að þessu leyti of almenn og víðtæk til að hann geti talist hafa lögvarða hagsmuni af henni. Að mati stefnda sé með dómkröfunni verið afla yfirlýsingar Félagsdóms um hvort háttsemi stefnda sé lögmæt án þess hún tengist ákveðnum og afmörkuðum hagsmunum stefnanda. Vísar stefndi einnig til ákvæðis d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Megi þetta einnig ráða af umfjöllun stefnanda á blaðsíðu þrjú í stefnu málsins þar sem velt sé vöngum yfir mikilvægi dómsúrlausnarrinnar í tengslum við önnur óskyld atvik en þau sem liggi fyrir í málinu. Með því að stefnanda skorti lögvarða hagsmuni af úrlausn dómkröfunnar beri að fallast á frávísunarkröfu stefnda.
- 23 Í greinargerð stefnda er einnig gerð grein fyrir efnisrökum fyrir sýknukröfu stefnda, en ekki er efni til að rekja þær málsástæður í úrskurði þessum.

Niðurstaða

- 24 Frávísunarkrafa stefnda er einungis hér til umfjöllunar. Sú krafa er annars vegar reist á því að sakarefnið eigi ekki undir Félagsdóm. Hins vegar byggist hún á því að

kröfugerð stefnanda í málinu feli í sér lögspurningu, hún sé of almenn og víðtæk og stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr henni fyrir dómi.

- 25 Í málinu er krafist viðurkenningar á því að stefnda sé óheimilt að gera breytingar á ráðningarsamningum, er leiða til launaskerðingar félagsmanna stefnanda, með skemmri fresti en samningsbundnum uppsagnarfresti hvers og eins þeirra. Í röksemdum fyrir kröfugerðinni vísar stefnandi aðallega til greinar 17.1.1 í kjarasamningi, sem gildir milli aðila, en þar er kveðið á um lengdan uppsagnarfrest starfsfólks eftir tíu ára samfellt starf hjá sömu stofnun, að því tilskildu að þeir hafi náð tilteknum lágmarksaldri. Af málatilbúnaði stefnanda verður ráðið að hann telji lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningsákvæðinu gilda um breytingar á ráðningarkjörum er leiða til launaskerðinga. Því er stefndi ósammála og hefur við breytingu á ákvæðum ráðningarsamninga um fasta yfirvinnu félagsmanna stefnanda er starfa hjá Vegagerðinni, sem ráðist var í snemma á þessu ári, ekki tekið mið af framangreindu kjarasamningsákvæði, heldur lagt til grundvallar að uppsagnarfrestur sé þrír mánuðir. Um það vísar stefndi til þess að lengri uppsagnarfrestur með hækkandi lífaldri byggji á því sjónarmiði, að þegar stutt er í starfslok geti starfsfólk átt erfiðara með að finna aðra vinnu við hæfi. Við þær breytingar sem gerðar voru hjá Vegagerðinni hafi engum verið sagt upp starfi, heldur hafi tilteknum ráðningarkjörum aðeins verið sagt upp. Hafi sú breyting haft óveruleg áhrif á launakjör og verði slík ráðstöfun ekki jafnað til uppsagnar er leiði til starfsloka.
- 26 Samkvæmt framansögðu er uppi ágreiningur milli stefnanda og stefnda um hvort grein 17.1.1 í kjarasamningnum eigi við um breytingu ráðningarsamninga sem fela í sér skerðingu launakjara á borð við þá sem átt hafa sér stað hjá félagsmönnum stefnanda sem starfa hjá Vegagerðinni. Í 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 segir að Félagsdómur dæmi í málum sem rísa milli samningsaðila um ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Framangreindur ágreiningur málsaðila um gildissvið greinar 17.1.1 í kjarasamningi aðila heyrir undir ákvæðið og því fellur sakarefni málsins að þessu leyti undir dómsvald Félagsdóms.
- 27 Í stefnu er því einnig borið við að lengdur uppsagnarfrestur félagsmanna stefnanda sem starfa hjá Vegagerðinni geti byggst á öðrum grundvelli en kjarasamningi, en ætla verður að þar sé vísað til einstakra ráðningarsamninga. Í 26. gr. laga nr. 94/1986 er lýst með tæmandi hætti þeim ágreiningi sem Félagsdómur dæmir um. Samkvæmt ákvæðinu heyrir ágreiningur um túlkun og gildi ákvæða í ráðningarsamningum ekki undir dómsvald Félagsdóms. Því sker Félagsdómur ekki úr því hvort einstaka ráðningarsamningar félagsmanna stefnanda standi í vegi fyrir því að stefndi geri breytingar á ráðningarkjörum þeirra með þriggja mánaða uppsagnarfresti.
- 28 Kröfugerð stefnanda er sett fram sem almenn krafa um viðurkenningu á því að tilgreind háttsemi stefnda gagnvart félagsmönnum stefnanda, sem starfa hjá Vegagerðinni, sé óheimil. Krafan er ekki tengd ákveðnum lögskiptum, þar sem deilt er um hvort grein 17.1.1 í kjarasamningi aðila eigi við. Eftir sem áður er í stefnu

málsins gerð grein fyrir tilteknum ágreiningi þar sem niðurstaða veltur á því atriði. Verður ekki betur séð en að kröfugerðin sé til þess fallin að leysa úr þeim ágreiningi, þótt hún sé sett fram með þessum hætti. Stefnandi er stéttarfélag tiltekins hóps starfsmanna hjá Vegagerðinni, sem eiga lögvarða hagsmuni af því að dómur gangi um kröfuna. Rekur stefnandi málið fyrir þeirra hönd, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986.

- 29 Í framkvæmd hefur tíðkast að stéttarfélög setji fram kröfu fyrir Félagsdómi, þar sem deilt er um skilning eða gildi ákvæða kjarasamnings, sem viðurkenningarkröfu um tiltekna afstöðu stéttarfélagsins í því efni, án þess að kröfugerðin sé tengd einstökum lögskiptum félagsmanna þess. Úr nýlegri dómaframkvæmd má í þessu sambandi meðal annars benda á dóma Félagsdóms frá 31. mars 2026 í málum nr. 8/2025, 9/2025 og 10/2025, dóm Félagsdóms 30. mars 2026 í máli nr. 7/2025, dóm Félagsdóms 6. júní 2023 í máli nr. 7/2023 og dóm Félagsdóms 23. nóvember 2022 í máli nr. 3/2022. Í síðastefnda málinu var krafist viðurkenningar á því að þar til greind háttsemi vinnuveitanda væri óheimil á grundvelli kjarasamnings aðila málsins. Með úrskurði dómsins 27. júní 2022 var frávísunarkröfu stefnda í málinu hafnað, enda talið að ágreiningurinn heyrði undir dóminn, að krafan væri nægilega skýr og til þess fallin að leiða ágreining aðila til lykta, þótt ekki væri þar vísað til afmarkaðs tilviks. Meðal annars með hliðsjón af hlutverki Félagsdóms var heldur ekki talið að vísa bæri málinu frá á þeim grunni að um lögspurningu væri að ræða í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, auk þess sem tekið var fram að niðurstaða málsins hefði þýðingu fyrir réttarstöðu félagsmanna stefnanda.
- 30 Sama á við í því máli sem hér er til úrlausnar. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til hlutverks Félagsdóms fer kröfugerðin því hvorki gegn 1. né 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, auk þess sem lýsing á kröfu í stefnu málsins fullnægir áskilnaði d-liðar 1. mgr. 80. gr. sömu laga.
- 31 Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að ekki sé efni til þess að taka frávísunarkröfu stefnda til greina og verður henni því hafnað. Rétt þykir að ákvörðun málskostnaðar vegna þess þáttar málsins bíði efnislegrar niðurstöðu málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda, íslenska ríkisins, er hafnað.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnislegrar niðurstöðu málsins.

Ásmundur Helgason

Björn L. Bergsson

Hólmfríður Grímsdóttir

Jón Sigurðsson
Inga Björg Hjaltadóttir